

Vatnaskil



**Samtal um framtíðartækifæri
í sveitum Austurlands**

23. ágúst 2023



Efnisyfirlit

Samantekt	1	5. Vöruþróun og markaðssetning.....	12
1. Inngangur.....	3	5.1. Slátrun.....	12
2. Forgangsröðun	5	5.2. Vinnsla	13
2.1. Innviðir.....	5	5.3. Markaðssetning	13
2.2. Málefni.....	6	5.4. Fræðsla til komandi kynslóða	14
3. Innviðir	7	6. Til móts við nýja tíma.....	15
3.1. Samgöngur.....	7	6.1. Orkuskipti.....	15
3.2. Fjarskipti	8	6.2. Betri nýting	16
3.3. Orka	8	7. Fleiri atvinnutækifæri í sveitum.....	17
3.4. Vatnsból.....	8	7.1. Ferðapjónusta og landbúnaður	17
3.5. Sorp.....	9	7.2. Störf án staðsetningar	18
3.6. Húsnæði.....	9	8. Austfirskar auðlindir	19
3.7. Öryggi gagnvart náttúruvá.....	9	8.1. Skógur og landbætur	19
4. Landbúnaður; staða og tækifæri	10	8.2. Hreindýraveiðar	19
4.1. Sauðfjárrækt í nútíð og framtíð	10	9. Lífið í sveitinni	20
4.2. Nýliðun í landbúnaði.....	11	9.1. Börnin	20
4.3. Landbúnaður og eignarhald á landi	11	9.2. Fullorðna fólkið	20
4.4. Tæknivæðing í landbúnaði	11	10. Stuðningur við þróun og nýsköpun.....	21
		10.1. Samstarf og eitt Austurland.....	21
		10.2. Úthald og fjármögnun í nýsköpun	22
		11. Framtíðin – hugleiðingar	23

*Bestu þakkir til fólksins sem tók þátt í samráðsfundinum
„Hjarta mitt slær í sveitinni“
og til þeirra sem aðstoðuðu við framkvæmdina.*

Miðvikudaginn 23. ágúst 2023, var boðið til samráðsfundar á Eiðum, í tengslum við verkefnið Vatnaskil. Yfirskrift fundarins var „Hjarta mitt slær í sveitinni – samtal um framtíðartækifæri í sveitum Austurlands“.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Austurbrúar, Páll Baldursson, verkefnisstjóri Vatnaskila, yfirverkefnastjórnarnir Signý Ormarsdóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og verkefnastjórnarnir Erna Rakel Baldvinsdóttir, Valborg Ösp Á. Warén og Alda Marín Kristinsdóttir.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með fundinum og þessari samantekt, í samstarfi við starfsfólk Austurbrúar. Að auki, liggur fyrir hjá Austurbrú listi yfir ábendingar varðandi innviði.

Ljósmynd á forsíðu: Ströndin Studio.

Myndir í samantektinni eru frá ILDI, nema myndir á bls. 23 og 24, sem Guðjón Halldórsson Lunt tók og gaf góðfúslegt leyfi til að nota.



Samantekt

Ungt fólk er tilbúið til að setjast að í sveitum, en eru sveitirnar tilbúnar fyrir þau og fyrir framtíðina?

Þannig má orða skilaboð samráðsfundar sem haldinn var 23. ágúst 2023, við upphaf verkefnisins „Vatnaskil“. Yfirskrift fundarins var „Hjarta mitt slær í sveitinni – samtal um framtíðartækifæri í sveitum Austurlands“. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og mættu um 60 manns, af öllu Austurlandi. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og komu víða við.

Að auki var á fundinum kallað eftir ábendingum um hvað mætti bæta varðandi innviði á Austurlandi. Þar voru samgöngur eftar á blaði, nýframkvæmdir, endurbætur og viðhald. Einnig þurfi að bæta ýmsa aðra innviði svo sem net- og farsímasamband og þriggja fasa rafmagn. Huga þurfi sérstaklega að ógnum vegna náttúruvár sem gæti haft áhrif á innviði, t.d. vatnsból.

Fram kom áhugi á margvíslegri nýsköpun, sérstaklega varðandi fullvinnslu afurða og þar kallað eftir aðstöðu fyrir slátrun og vinnslu. Hægt væri að sækja fram með markaðssetningu, með merki fyrir „afurðir úr héraði“. Lýst var áhyggjum af stöðu sauðfjárræktar, sem fer illa saman við viljann til að sækja fram.

Lítið framboð á jörðum og hátt verð, hamlar nýliðun og var m.a. varpað fram spurningu um hvort ætti að gera kröfur um landnýtingu og/eða búsetuskyldu.

Ungu fólki fylgja gjarnan ung börn sem kallar á að endurhugsa þjónustu varðandi skóla og tómstundastarf.

Dreifbýlið býður upp á atvinnusköpun á fleiri sviðum en í landbúnaði og var sérstaklega rætt um tækifæri í ferðaþjónustu og vegna starfa án staðsetningar. Einnig var fjallað um nýtingu skógarafurða og möguleika í tengslum við veiðar.


Horft var til framtíðar og hringrásarhagkerfis og rætt m.a. um sjálfbærni og orkuskipti og hvernig mætti nýta hráefni betur. Almennt ætti að stefna að því að bæta nýtingu auðlinda, bæði í rekstri fyrirtækja og í heimilishaldi.

Mikilvægt er að styðja við frumkvöðla og úthald í nýsköpun, með fjármagni, fræðslu og samstarfi. Reyndar var samstarf mörgum hugleikið, allt frá því að frumkvöðlar deili reynslu sinni með öðrum, til samstarfs um að nýta tæki og verkfæri og að búa til skemmtinefnd(ir).

Fundurinn einkenndist af samkennd, enda stendur málefnið hjörtum þátttakenda nærri, hjarta þeirra slær í sveitinni. Þaðan sprettur áhuginn og viljinn til að búa í sveitinni eða rækta þau tengsl, hlúa að landi, mannlífi og lífríki og sækja fram. Þessi kraftur og væntumþykja verða virkjuð í verkefninu framundan.

Verkefnið „Vatnaskil“ snýst um nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulíf í dreifbýli á Austurlandi með sérstaka áherslu á ungt fólk. Að baki verkefninu standa Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Búnaðarsamband Austurlands og Félag ungra bænda á Austurlandi. Verkefnisstjóri er Páll Baldursson, hjá Austurbrú.

Umsjón með fundinum og úrvinnslu hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við starfsfólk Austurbrúar.



1. Inngangur

Vatnaskil er verkefni sem snýst um nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulíf í dreifbýli á Austurlandi með sérstaka áherslu á ungt fólk. Að baki verkefninu standa Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Búnaðarsamband Austurlands og Félag ungra bænda á Austurlandi.

Boðið var til samráðsfundar, þann 23. ágúst 2023, til að fá fram áherslur þeirra sem búa í og tengjast sveitunum. Umsjón með fundinum hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, sem jafnframt vann þessa samantekt.

Í auglýsingu um fundinn kom þetta fram:

Afrakstur íbúapingsins verður nýttur til að ákveða aðgerðir og áherslur í verkefninu „Vatnaskil“, sem snýst um nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulíf í dreifbýli á Austurlandi með sérstaka áherslu á að skapa tækifæri fyrir ungt fólk.

Umræðuefnin eru ekki ákveðin fyrir fram, heldur ákveða þátttakendur málefni sem þau telja mikilvæg.

Við hvetjum fólk á öllum aldri til að taka þátt í viðburðinum sem:

- *Býr í sveit á Austurlandi eða hefur hug á að flytjast í sveitina*
- *Hefur tengsl við dreifbýli og sækir þangað reglulega*
- *Langar að skapa ný atvinnutækifæri í dreifbýli á Austurlandi*
- *Er með atvinnustarfsemi í sveit*
- *Sækir í sveitina vegna starfs eða tómstunda*
- *Er í forsvari félagasamtaka eða stofnana sem sinna málefnum í dreifbýli*
- *Er í forystu sveitarfélags eða situr í heimastjórn*

Þátttaka fór fram úr björtustu vonum, um 60 manns mættu, hvaðanæva að af Austurlandi.

Framkvæmdastjóri Austurbrúar, Dagmar Ýr Stefánsdóttir bauð gesti velkomna og áréttaði mikilvægi verkefnisins.

Eftir kynningu viðstaddra, var byrjað á að beina sjónum að innviðum og kallað eftir ábendingum og uppástungum um það sem þarf að bæta. Þessi atriði voru skráð á miða og síðan flokkuð. Lesin voru upp nokkur dæmi, en ekki dvalið lengur við þetta að svo stöddu. Úrvinnsla á skilaboðum um innviði var í höndum starfsmanna Austurbrúar.

Þessu næst var þátttakendum boðið að stinga upp á umræðuefnum, samkvæmt aðferðinni „Opið rými“ – Open Space Technology¹. Stungið var upp á 33 málefnum, en þar sem tími þingsins bauð aðeins upp á 15 umræðuhópa, eða 5 í einu í þremur umferðum, var málefnum slegið saman, eftir tillögum þátttakenda. Þetta takmarkaði hins vegar svigrúm til að kafa dýpra í sum málanna.

„Samstarf; vettvangur fyrir nýtt fólk að kynnast“

¹ <http://www.openspaceworld.org/>

Til glöggvunar fylgir hér listi yfir öll málefni sem stungið var upp á:

Samstarf og nýsköpun:

- Eitt Austurland
- Samstarf
- Fjármögnun
- Úthald

Nýliðun og mannlíf í sveitum:

- Landbúnaður í sveitum og framtíð sveitanna
- Sauðfjárrækt, nútíð – framtíð
- Tæknivæðing í landbúnaði
- Koma í veg fyrir sölu á landi til auðmanna og auðfyrirtækja
- Nýliðun ungs fólks
- Búseta – hvernig aukið verður mannlíf og fólk í dreifbýli
- Mikilvægi félagslífs í sveitum

Matvælaframleiðsla og markaðssetning:

- Matvælaframleiðsla
- Matvælaframleiðsla. Tilraunaeldhús fyrir alla
- MAST og aðförin að heimaslátrun og heimavinnslu
- Vannýtt hráefni
- Markaðssetning austfirska vara á syllumarkaði (erlenda og innlenda)
- Börn sem búa ekki í sveit

Innviðir:

- Veitur og fjarskipti
- Húsnæði
- Orka
- Jöfnun orkukostnaðar; rafmagn, ódýr upphitun í dreifbýli
- Orkuskipti
- Hleðslubílar
- Öryggi fyrir náttúruvá

Almenn þjónusta, m.a. við fjölskyldur:


- Börn og þjónusta við þau
- Jöfn tækifæri fyrir alla, þjónustulega

Náttúran og sjálfbærni:

- Sjálfbærni
- Náttúruvernd
- Náttúran og skógurinn
- Hreindýr
- Endurnýting gamalla búvéla

Önnur atvinnutækifæri:

- Ferðaþjónusta og landbúnaður
- Störf án staðsetningar



Að umræðum loknum, forgangsríðuðu þátttakendur málefnum eftir mikilvægi, annars vegar ábendingum um innviði og hins vegar þeim málefnum sem rædd voru í hópum. Að þinginu loknu var svo boðið til grillveislu.

Samantekt þessi byggir á gögnum frá hópum og ábendingum varðandi innviði.

2. Forgangsröðun


Forgangsröðun málefna, í lok þings, fór fram með þeim hætti að hver þátttakandi fékk límmiða til að gefa málefnum vægi. Hægt var að setja alla miðana á eitt mál, eða dreifa þeim á málefni. Forgangsröðunin var tvískipt, annars vegar voru 6 rauðir punktar fyrir forgangsröðun innviða og hins vegar 6 grænir fyrir forgangsröðun þeirra málefna sem rædd höfðu verið í hópum. Þó svo að fundinum hafi þannig verið tvískipt, varð nokkur skörun og innviði bar líka á góma í umræðuhópum.

2.1. Innviðir

Samgöngur eru lang stærsta og mikilvægasta viðfangsefnið til að styrkja stöðu dreifbýlis á Austurlandi, að mati þeirra sem tóku þátt í fundinum „Hjarta mitt slær í sveitinni“.

Málefnið samgöngur var flokkað á tvo vegu, annars vegar nýframkvæmdir og hins vegar viðhald o.fl. Nýframkvæmdir voru efstar á listanum og voru þar sérstaklega nefnd Mjóafjarðargöng, Öxi, Fjarðarheiðargöng, Hellisheiðargöng og Suðurfjarðavegur.

Í fjórða sæti í forgangsröðuninni eru önnur atriði tengd samgöngum, svo sem klæðning vega og viðhald ásamt girðingum við vegi.



Þannig fá samgöngur lang mest vægi í forgangsröðun innviða eftir mikilvægi, með samtals 115 punkta af 297.

Í öðru sæti eru ýmis mál sem varða framleiðslu og sölu afurða, þ.m.t. framleiðslueldhús, heimavinnsla, sláturhús og markaðssetning, með 51 punkt.

Undir orku og fjarskipti, sem rötuðu í þriðja sæti í forgangsröðuninni, með 43 punkta, falla 3ja fasa rafmagn, bætt gsm samband, ljósleiðari og kynding.

„Þjónusta“ var í fimmta sæti, með 31 punkt. Þar var vísað í tómstundir og íþróttir fyrir börn, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sorphirðu og aðra almenna þjónustu.

Undir liðnum „Öryggi og skipulag“, sem hlaut 30 punkta og var í sjötta sæti, var rætt um vatnsból, náttúruvá, skipulagsmál, skipulag ferðaþjónustu og allt sem varðar öryggismál íbúa í sveitum.

Loks kom svo liðurinn „Nýsköpun og tækifæri“, sem tók m.a. til ráðgjafar og aðstoðar við frumkvöðla, vannýttis hráefnis og margvíslegra tækifæra. Þau mál hlutu 27 punkta.

Á skiptingu „atkvæða“ eða punkta milli málefna má sjá að ekki er afgerandi munur milli fjölda þeirra punkta sem réðu röðun þeirra, nema að samgöngur skera sig algjörlega úr.

2.2. Málefni

Þau þrjú málefni sem rötuðu efst í forgangs röðuninni voru nánast jöfn, fengu 33, 32 og 31 punkt. Efst er „Matvælaframleiðsla og heimaslátrun“, þá „Landbúnaður og eignarhald á landi“ og loks „Búseta, nýliðun, húsnæði, félagslíf“. Allt eru þetta málefni sem varða grundvöll búsetu í sveitum, framboð jarða og húsnæðis, framleiðslu, lífsafkomu og gott samfélag.

Næst þar á eftir kom „Eitt Austurland og samstarf“, með 28 punkta. Þar var áherslan á samstarf og samskipti sem leið til að styrkja byggð og nýta sóknarfæri Austurlands.

„Fjármögnun og úthald“, sem rataði í 5. – 6. sæti, með 23 punkta, vísar til möguleika á styrkjum og annarri fjármögnun og úthalds nýsköpunarverkefna.

Með jafn marga punkta, var málaflokkurinn „Börn og jöfn tækifæri“. Þar var rætt um aðstæður barna í sveitum varðandi tómstundir og skólasókn en einnig um mikilvægi þess að kynna líf í sveitum og afurðir fyrir börnum úr þéttbýli.


Tvö málefni fengu 17 punkta hvort, „Markaðssetning á syllumarkaði“ og „Ferðaþjónusta og landbúnaður“. Þar á eftir kom „Störf án staðsetningar“, með 16 punkta. Allt lýtur þetta að nýjum leiðum til að skapa störf í sveitum Austurlands.

Í „Náttúruvernd, sjálfbærni og hreindýr“, sem einnig var með 16 punkta, kom fram áhersla á vandaða veiðistjórnun hreindýra og á virðingu fyrir náttúru og góða nýtingu auðlinda og afurða. Sama tón kvað við hjá hópi sem ræddi meðal annars um tilraunaeldhús og vannýtt hráefni og fékk það málefni jafn marga punkta í forgangs röðuninni. Þessu nátengd var umræða um málefnið „Náttúran og skógurinn“ sem hlaut 8 punkta, en þar var einnig hvatt til virðingar við náttúru og m.a. bent á tækifæri til sjálfbærrar nýtingar skógarafurða.

Orkumál, veitur, fjarskipti og öryggi röðuðust hlið við hlið á listanum, með 16 og 9 punkta. Þar var m.a. komið inn á kyndingarkostnað, orkuskipti, fjarskipti, vatnsból og ýmis öryggismál.

Málefninu „Tæknivæðing í landbúnaði og sauðfjárrækt í nútíð og framtíð“, voru gefnir 9 punktar. Þar var hvatt til tæknivæðingar og rætt um atriði sem tengjast nýliðun, samanber málefnið sem var í þriðja sæti.

Tekið skal fram að forgangs röðun þátttakenda gefur hugmynd um það sem skiptir þau máli, sem eru viðstödd á fundinum, en hefur ekki ákvarðanagildi, enda markmið þingsins að safna saman hugmyndum og sjónarmiðum fólks sem tengist sveitunum. Allar hugmyndir verða síðan teknar til skoðunar í framhaldi verkefnisins „Vatnaskil“.



3. Innviðir

Eins og fram kom í inngangi, hófst fundurinn á því að beina athyglinni að þörf fyrir úrbætur á innviðum á Austurlandi. Þátttakendum var boðið að skrifa þau atriði niður á miða, hvað þyrfti að bæta og hvar. Þetta var gert til þess að beina umræðunni í breiðari farveg, ella hefði fundurinn e.t.v. snúist að mestu leyti um innviði. En í lok fundar fór fram forgangsöröðun í tvennu lagi, annars vegar varðandi innviði og hins vegar varðandi þau málefni sem rædd voru á fundinum.

Kaflinn sem hér fer á eftir, er að mestu unninn upp úr miðunum um innviði, en efni frá umræðuhópum fléttað inn í, eftir því sem við á.

3.1. Samgöngur

Þegar horft er til innviða á Austurlandi, eru samgöngur stærsta og mikilvægasta verkefnið, eins og kom skýrt fram í forgangsöröðun og sjá má í kafla 2.1., hér á undan.

Almennt þarf að bæta vegasamgöngur, bæði til sveita og milli byggðakjarna. Vísað var m.a. til flutningsleiða með fólk og farm innan fjórðungsins. Suðurfjarðavegur var nefndur nokkrum sinnum, kallað eftir úrbótum og/eða nýjum vegi, sérstaklega í Fáskrúðsfirði.

Vetrarþjónustu þarf að bæta um allt Austurland, sögðu þátttakendur, en af einstökum leiðum var talað um leiðina Egilsstaðir – Borgarfjörður og vegi á Héraði, Öxi og um Vatnsskarð. Komið var inn á skipulag snjómoksturs, samstarf sveitarfélaga og Vegagerðar á því sviði og velt upp möguleika á samstarfi við bændur um snjómokstur. Einnig var bent á þörf fyrir girðingar meðfram vegum, sem ætti samkvæmt ábendingum fundargesta, að leysa með samstarfi við Vegagerðina.

Kallað var eftir malbikun eða bundnu slitlagi, þar sem enn eru malarvegir, sem og bættu viðhaldi tengivega. Nokkrar leiðir voru nefndar í þessu sambandi; frá Brekkuborpi í Mjóafirði inn í fjarðarbotn, Jökulsárhlið, vegurinn í Húsey, vegir heim að bæjum í Vopnafirði og Eiðapinghá. Einnig kom fram ósk um heilsársaðgengi að Stuðlagili.

Bæta þarf samgöngur yfir Öxi, sögðu þátttakendur og vetrarþjónustan er liður í því. Varpað var fram ábendingu um að banna þungaflutninga yfir Öxi.

Varðandi flug, var kallað eftir öryggisendurbótum vegna aðflugs, til að lengja ferðamannatímabilið. Þá kom fram að eldsneyti sé „...alltof hátt á flugvöllum Austurlands“ og að það hamli flugfélögum að fljúga á svæðið.

Loks var stungið upp á því að laga gamlar reiðleiðir í byggðarlögum. Það telst kannski ekki vera samgöngumál, en getur aukið lífsgæði íbúa og rennt stoðum undir atvinnusköpun í ferðaþjónustu.



3.2. Fjarskipti

Ábendingar um fjarskipti snerust um GSM samband, netsamband og ljósleiðara. Í dag hafi ekki öll heimili í sveitum Austurlands GSM samband og stór svæði í dreifbýlinu séu „utan þjónustusvæðis“. Á þessu þarf að verða bót, sögðu þátttakendur, enda mikið öryggismál. Nokkrir staðir voru nefndir; Þjóðvegur 1, Hróarstunga, efri – Jökuldalur, Hjaltastaðapinghá, Fljótsdalur, Norðfjörður/Norðfjarðarsveit, hálendi Austurlands, ferðamanna- og smálaleiðir og veiðisvæði. Setja þurfi upp fleiri fjarskiptavirki og „ljúka ljósleiðaravæðingu“ um allt svæðið. Þannig verði hægt að bjóða upp á gott netsamband alls staðar. Þetta sé ein af þeim grunnstöðum sem þurfi til að nýta þau framtíðartækifæri sem Austurland hefur, með allar sínar auðlindir og mannauð.

3.3. Orka

Til að bæta stöðu dreifbýlisins þyrfti að lækka kyndingarkostnað, sögðu þátttakendur. Komið var inn á ýmsar leiðir til þess, rætt um aðgengi að rafmagni og heitu vatni þar sem það á við, heimarafstöðvar og varmadælur. Huga þyrfti að því að lækka og jafna flutningskostnað raforku í öllu dreifbýli, var sagt, enda sé þar ósanngjörn skipting. Stungið var upp á „sameiginlegu átaki í könnun á möguleikum á köldum svæðum um allt Austurland“.

Þriggja fasa væðing „þarf að ganga miklu hraðar“ og brýnt að klára sem allra fyrst, var sagt. Af einstökum svæðum voru dreifbýli Fjarðabyggðar, Vopnafjörður og Jökuldalur nefnd. Með þessum aðgerðum verði til gríðarleg atvinnutækifæri í dreifðum byggðum Austurlands. Einnig sé brýnt að tryggja öryggi og varaafli á öllu svæðinu.

Kallað var eftir því að hluti af arði stóru orkufyrirtækjanna skili sér „heim“. Einhverjir töldu að pólitíkin og Bygðastofnun hefðu brugðist í þessum málum.

Sjá einnig kafla 6.1. um orkuskipti.

3.4. Vatnsból

Ábendingar um vatnsból snerust um tvennt, annars vegar ástand þeirra og hins vegar þörf fyrir aðgerðaáætlun vegna náttúruhamfara, t.d. eldgoss.

Varpað var fram spurningu um stöðu vatnsöflunar og vatnsbóla á Austurlandi og framtíðarþörf. Stungið var upp á að byrjað verði á að skrá ástand vatnsbóla og að ef til vill mætti sækja styrki vegna þess verkefnis, t.d. vegna ráðgjafar og annars kostnaðar.

Gera þarf aðgerðaáætlun um vatnsöflun, ef kemur til eldgoss, var sagt að lokum. Sjá einnig kafla 3.7. hér á eftir um öryggi gagnvart náttúruvá.



3.5. Sorp

Komið var lauslega inn á sorpmál, þegar þátttakendum var boðið að skrá niður það sem þyrfti að bæta varðandi innviði á Austurlandi. Tvö svæði voru nefnd, Jökulsárhlið og Vopnafjörður og þar vísað til sorphirðu og „ruslatæmingar“. Einnig var kallað eftir bættu aðgengi að grenndargámum á Héraði og að bjóða mætti „oftar upp á gáma“.

Þá var bent á að koma þyrfti upp brennslustöð fyrir dýrahæ.

3.6. Húsnæði

Húsnæðismál voru rædd í hópi sem fjallaði um eftirfarandi fimm málefni, sem öll munu skipta sköpum fyrir framtíð dreifbýlisins:

- Nýliðun ungs fólks
- Búseta – hvernig aukið verður mannlíf og fólk í dreifbýli
- Húsnæði
- Félagslíf í sveitum

Þarna þurfti að koma víða við og því skiljanlegt að ekki hafi verið svigrúm til að kafa djúpt ofan í umræðuna um húsnæðismál. Helst vildu þátttakendur koma þessu á framfæri: „Fyrstu íbúðarkaup í dreifbýli og reglur um „fyrstu íbúðarkaup“ nýtast ekki og hlutdeildarlán ekki heldur“. Sagt var að þetta þurfi að laga.

3.7. Öryggi gagnvart náttúruvá

Í hópi sem fjallaði m.a. um öryggi gagnvart náttúruvá, kom fram að það vanti aðgerðaáætlanir og hættumat fyrir dreifbýli varðandi t.d. snjóflóð, ofanflóð og eldgos.

Meðal áhættuþátta sem nefndir voru til sögunnar, voru gróðureldar. Annars vegar að hafa til hliðsjónar við skipulag skóga og hins vegar þurfi að vera til áætlun um viðbúnað ef til kæmi, þ.m.t. rýmingaráætlun.

Bent var á að víða séu opin vatnsból, sem skapi áhættu t.d. ef yrði öskufall vegna eldgoss. Fram kom að tryggingar bæti ekki vatnsból, t.d. ef verði ofanflóð. Landeigendur geti ekki tryggt þau sjálfir og að kanna þurfi hvort náttúruhamfaratrygging taki til vatnsbóla.

Þá var rætt um tryggingar, ef verður uppskeru- eða afurðatjón, t.d. korn eða rúllur í stæðu.



4. Landbúnaður; staða og tækifæri

Hér er sagt frá skilaboðum þriggja hópa. Einn ræddi um sauðfjárrækt í nútíð og framtíð og tæknivæðingu landbúnaðar, annar um búsetu, nýliðun, húsnæði og félagslíf og sá þriðji um landbúnað og eignarhald á landi. Sagt er frá skilaboðum um félagslíf í 9. kafla hér á eftir, um lífið í sveitinni, en hér verður sjónum beint að því sem sagt var um stöðu landbúnaðar og tækifæri til framtíðar.

En fyrst skal nefna þá athugasemd að það „...vanti frekari rannsóknir í landbúnaði“.

4.1. Sauðfjárrækt í nútíð og framtíð

Staða sauðfjárræktar hefur farið hríðversnandi á undanförunum árum.² Þetta hefur komið illilega niður á líf skjörum sauðfjárbænda og þarf að breytast, ef eiga að vera forsendur fyrir búgreininni til framtíðar, sögðu fundargestir.

Í umræðum hóps sem ræddi þetta, var staðan greind þannig:

- Hækkaður meðalaldur bænda
- Startkostnaður hár
- Fækkun sauðfjár
- Dýr rekstrarkostnaður
- Lélegt afurðaverð

Einnig var rætt um lausagöngu sauðfjár og stungið upp á að skilgreind verði 10 – 200 fjárhólfa beit og veittur girðingastyrkur til að koma upp beitarhólfum. Þátttakendur voru sammála um að ef sett yrði bann við lausagöngu, yrði það banabiti sauðfjárræktar.

Mælt var með því að „auðvelda enn frekar innleiðingu riðuónæmra afbrigða í sauðfjárstofninn íslenska“.

Varðandi framtíðina, var bent á mikilvægi nýliðunar. Einnig að skilgreina mætti landsvæði til ákveðinnar nýtingar. Þá var stungið upp á því að settar yrðu kvaðir um ábúðar- og nýtingarskyldu, við jarðakaup.



² https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2022/06/14/leggja_til_ad_styrkja_landbunad_um_2_5_milljarda/

4.2. Nýliðun í landbúnaði

Framtíð sveitanna stendur og fellur með því hvort ungt fólk vill setjast þar að. Á fundinum var fólk sem hefur valið að búa í sveit, bæði ungt fólk og eldra, sem og fólk sem tengist dreifbýlinu og hefur jafnvel hug á að flytja í sveit. Þau veltu fyrir sér hvernig væri hægt að gera þennan búsetukost aðgengilegri.

Stungið var upp á sértækum úrræðum, eða hvata, varðandi húsnæðismál í sveit, t.d. lánamöguleika og upplýsingaflæði til ábúenda og nýbúa. Byggðastofnun væri hér í lykilhlutverki og einnig var rætt um styrkveitingar Ferðamálastofu í þessu sambandi og þar væntanlega átt við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.³

Sterkir innviðir eru forsenda þess að efla byggð í sveitum og ráða miklu um sóknarmöguleika mismunandi svæða. En sumt er í höndum íbúanna sjálfra og var þar m.a. vísað til umgengni og viðhalds til sveita, sem sums staðar mætti bæta, var sagt.

Hér, líkt og í umræðu um framtíð sveitanna, var því velt upp hvort ætti að vera búsetuskylda á jörðum. Viðruð var hugmynd um skattaafslátt fyrir þau sem búa í sveit allt árið. Spurt var: „Hvernig eru hlutirnir gerðir í nágrannalöndum?“.

Kallað var eftir skipulagi fyrir byggðakjarna í dreifbýlinu.

Þá var stungið upp á að búa til upplýsingasíðu, „Hvernig flyt ég í sveit?“.

4.3. Landbúnaður og eignarhald á landi

Þau sem sóttu fundinn höfðu töluverðar áhyggjur af framtíð sveitanna. Það sé erfitt fyrir ungt fólk að byrja búskap, ekki síst vegna þess að efnaðir kaupendur jarða haldi verðinu uppi. Það þýði að „seljandi græðir, sveitin tapar“, eins og það var orðað. Ein af afleiðingunum sé sú að vatnsréttindi og réttur til nýtingar jarðefna, færist á fárra hendur.

Annað dæmi sem nefnt var um þróun í sveitum er þegar jörð skiptist milli margra afkomenda og þá sé hætta á að jörðin detti úr nýtingu. Um leið verði byggðin í heild brothættari.

Meðal leiða sem velt var upp, til mótvægis við þessa þróun, var að „ákveða nýtingu jarða, t.d. skógrækt“ og að endurskoða jarðasölulög, setja inn ákvæði um búsetu- og/eða nýtingarskyldu. Einnig mætti koma á samtali milli aðila, t.d. veitna og landeigenda.

Landbúnaður er hluti af því að vera „frjálst land og frjáls þjóð“, eins og það var orðað og það megir ekki gleymast að: „Hefðbundinn landbúnaður ER kjölfesta sveitanna“.

4.4. Tæknivæðing í landbúnaði

Umræða um tæknivæðingu í landbúnaði, hverfðist nokkuð um þekkingu. Þannig væri mikilvægt að bæta aðgengi að fræðslu og þekkingu og þar vísað til námskeiða og vettvangsferða innanlands og utan. Það, ásamt styrkjum til tækjakaupa gæti orðið hvati til aukinnar tæknivæðingar í landbúnaðinum. Rætt var m.a. um örmerkjavæðingu, sem til dæmis er farin að tíðkast varðandi hrossarækt og gæludýrahald.⁴

³ <https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/framkvaemdasjodur-ferdamannastada/um-framkvaemdasjodinn>

⁴ <https://www.rml.is/is/radgjof/hrossaraekt/ormerkingar>

5. Vöruþróun og markaðssetning

Á fundinum varð kraftmikil umræða um vöruþróun og markaðssetningu, sem lykil að því að sækja fram og efla byggð í dreifbýli. Rætt var um slátrun, fullvinnslu afurða og sértæka markaðssetningu. Nefnt var að læra mætti af nýsköpun í sjávarútvegi.

Skilaboð hóps sem fjallaði um sjálfbærni og náttúruvernd voru þau að í framleiðslu afurða ætti að leggja áherslu á gæði, fjölbreytni og hærra verð, frekar en magn. Eða eins og það var orðað: „Ekki á allt að snúast um meira magn (fjöldu) af sömu vöru, heldur fleiri vörutegundir og dýrari vöru“. Að sama skapi þurfi að „passa að það sé verið að framleiða allt“.

5.1. Slátrun

Skömmu áður en fundurinn var haldinn, hafði Matvælastofnun (MAST) hækkað gjaldskrá fyrir þjónustu sína. Bændur brugðust hart við og Samtök smáframleiðenda og Beint frá býli sögðu að boðuð hækkun á gjaldskránni yrði rothogg fyrir handverkssláturhús og yki kostnað landbúnaðarins um 500 milljónir á ári.⁵

Þetta var þátttakendum á fundinum ofarlega í huga og kom sterkt fram í umræðum. Tveimur dögum eftir fundinn, tilkynnti matvælaráðherra svo að gjaldskráin yrði ekki hækkuð.⁶

Almennt var kallað eftir auknu samstarfi milli bænda, ráðuneytis og MAST og þeirri kröfu beint til ráðherra. Til dæmis var stungið upp á að settur yrði saman vinnuhópur, þar sem bændur tækju þátt í reglugerðarvinnu. Skoða ætti leiðir til hagræðingar, frekar en að hækka gjöld sem síðan skiluðu sér beint út í verðlag. Fram kom að það er krafa ráðuneytisins að styrkir frá ríkinu eigi að vera gagnsæir og að MAST þurfi að standa undir sér. Í því sambandi töldu þátttakendur að við hækkun gjaldskrár þyrfti að vera ljóst hvaða kostnaði er velt yfir á matvælaframleiðslu.

Það vantar stað(i) á Austurlandi, þar sem hægt er að slátra og vinna afurðir, sögðu þátttakendur. Stungið var upp á færanlegu sláturhúsi/sláturhúsabíl, sem gæti farið á milli. Rætt var um þær reglur að ekki megi selja kjöt ef slátrað hefur verið heima á býli en að slátrun fari fram í sláturhúsi og síðan vinnsla og sala frá býli. Kostnaður við lítil sláturhús sé raunsær, „...sem kemur sér vel fyrir dýr og menn“, var sagt. Nefnt var að bændur hafi ekkert að segja um sláturaðferðir. Þá var gerð athugasemd við að í litlu sláturhúsunum, svokölluðum „handverkssláturhúsum“, megi slátra að hámarki 30 gripum á dag og einnig sé það háð takmörkunum fyrir hverja megi slátra.⁷ Bent var á að með breytingum á þessu mætti lækka kostnað, sem þá deildist á fleiri, með samstarfi.

Rætt var um áfrýjunarhóp og sagt: „Áfrýjunarhópur fyrir fleiri“, en ekki ljóst hvað átt var við. Þó má nefna að til eru áfrýjunarnefndir, t.d. samkeppnismála og neytendamála.⁸

„Það vantar stað(i) á Austurlandi, þar sem hægt er að slátra og vinna afurðir“

⁵ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-08-22-haekkun-gjalda-yrði-rothogg-fyrir-handverksslaturhus-390180>

⁶ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-08-25-gjaldskra-mast-ekki-haekkuð-390411>

⁷ <https://island.is/reglugerdir/nr/0500-2021>

⁸ <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=dc04e58a-4214-11e7-941a-005056bc530c>

5.2. Vinnsla

Mikil tækifæri felast í vöruþróun, að mati þátttakenda, sem veltu fyrir sér ýmsum möguleikum. Æskilegt væri að byggja upp fyrirtæki í afurðaframleiðslu, „...bæði í búskap og öðru“.

Í mörgum hópanna var komið inn á mikilvægi þess að hafa aðgang að vottuðu, sameiginlegu framleiðslueldhúsi, sem einnig var skilgreint sem tilraunaeldhús. Þar ætti að vera góður lager og kæli til geymslu á milli framleiðslulota. Hægt væri að leigja aðstöðuna yfir styttri eða lengri tíma og þá gætu nokkrir aðilar verið saman, eftir því sem hentaði.

Æskilegt væri að auka vörfjölbreytni og slík aðstaða gæti verið liður í því.

Einnig var stungið upp á að „tala við afurðastöðvar um nýtingu á aukaafurðum úr slátrun“.

5.3. Markaðssetning

Sú þróun hefur orðið um allan heim að merkja og markaðssetja mat úr héraði, ekki síst vegna vaxandi fjölda ferðamanna. Á fundinum kom fram mikill áhugi á að gera meira af þessu á Austurlandi og þá annars vegar vísað til merkisins „Austfirskar krásir“ og hins vegar til „Austurlandsstjörnunnar“, sem nú er notuð í allri markaðssetningu fyrir Austurland. Bent var á að erfitt sé að nota síðarnefnda merkið í svart/hvítum merkingum.

Einn hópur ræddi um markaðssetningu austfirska vara á erlenda og/eða innlenda syllumarkaði. Þar er vísað til þess sem kallast á ensku „niche marketing“, sem er skilgreint þannig af The Economic Times:

„Markaðssetning á syllumarkað gengur út á að beina öllum aðgerðum til markaðssetningar að einum vel skilgreindum, afmörkuðum hópi markaðarins. Mikilvægt er að skilja að „syllan“ er ekki til, heldur er búin til með snjöllum markaðsaðferðum og með því að greina hvað viðskiptavinurinn vill.“⁹

Fram kom í þessum umræðum að leggja þurfi áherslu á gæði í öllu vinnsluferlinu og að lykilatriði sé að byggja upp vörumerki. Þá þurfi vöruþróun að vera hluti af slíkri markaðssetningu. Eitt af því sem þyrfti að skoða væri að tími slátrunar væri ekki njörvaður niður.



⁹ <https://economictimes.indiatimes.com/definition/niche-marketing>

Að baki þessari umræðu voru væntingar um að fá hærra verð fyrir afurðir. Nefnt var sem dæmi að „Spánverjar borga 40.000 fyrir skrokk“ og að Færeyingar fái hærra verð fyrir lambakjöt en Íslendingar og þar væntanlega átt við verð á erlendum mörkuðum.

Markaðssetja ætti íslenskt lambakjöt sem villibráð, sögðu þátttakendur. Byrja mætti á lambakjöti, en síðan nautakjöti og hrossakjöti. Þjóða mætti upp á áskrift að íslensku kjöti erlendis. Framleiðendur þurfa að „vita hverja á að tala við til að koma í sölu“, var sagt.

Nefnt var að smáframleiðendur í Skagafirði og á Skagaströnd séu með eigin bíl sem fari á milli í söluferðum, í verkefninu „Matarkistan Skagafjörður“¹⁰, en sagt að sá rekstur beri sig ekki.

Rætt var um þau tækifæri sem skapast til kynningar og sölu á austfirskum afurðum í gegnum ferðaþjónustuna. Í þessu sambandi var m.a. sagt: „Norræna er kanall“.

Kallað var eftir fræðslu og námskeiðum um framleiðslu, til dæmis varðandi leyfi, reglugerðir og fleira.

Þá var talað um að það myndi auðvelda markaðssetningu og e.t.v. hagsmunabaráttu að eiga „öflugri talsmann fyrir afurðir úr sveitum“.

5.4. Fræðsla til komandi kynslóða

Ræddar voru hugmyndir um hvernig mætti miðla þekkingu um sveitina og afurðir, til barna í þéttbýli. Þannig yrðu styrkt tengslin við komandi kynslóðir og vitund þeirra um uppruna matvæla, bústörf og virði dreifðra byggða.

Markmiðið væri „...að börn alist upp við þekkingu á sveitinni og virði hennar og hvaðan maturinn kemur og sagt: „Þeir sem stjórna voru eitt sinn grunnskólanemar!“. Leggja ætti áherslu á verklega þekkingu, eða eins og það var orðað: „Meiri „hands-on“ fræðsla“.

Þetta mætti gera, sögðu þátttakendur:

- Heimilisfræði – kenna hvaðan afurðirnar koma
- Þjóða starfskynningu á býlum fyrir grunnskólanema
- Opið býli. Greitt fyrir heimsókn, sem býr til tekjutækifæri fyrir bændur
- Gera samning við starf eldri borgara, þar sem eldri kynslóð miðlar sinni þekkingu til þeirrar yngri
- Búa til klúbb „börn í sveit“, til markaðssetningar



¹⁰ <https://www.facebook.com/profile.php?id=100057276826838>

6. Til móts við nýja tíma

Í umræðum um sjálfbærni og náttúru, var lögð áhersla á að „setja náttúruna í 1. sæti“, ekki aðeins náttúrunnar vegna, heldur líka til að mannfólkið fái notið dýrmætrar náttúruupplifunar.

Sjálfbærni ætti ekki aðeins að ná til lands og náttúru, heldur einnig vera höfð að leiðarljósi í fyrirtækjum, þ.m.t. á býlum og hjá einstaklingum. Sjálfbærni ætti þannig að birtast í landnýtingu, endurvinnslu og í eigin lifnaði, var sagt.

6.1. Orkuskipti

Þátttakendur veltu fyrir sér viðfangsefni nútíðar, fyrir framtíðina; orkuskiptum. Hvatt var til orkuskipta á „köldum svæðum“ í dreifbýli, t.d. með varmaskiptum. Bent var á að þróun síðustu ára hefur getið af sér betri lausnir, betra aðgengi og aukna þekkingu og að auðveldara er orðið að ná sér í bæði fræðslu og styrki. Stungið var upp á „varmadæluátaki“, sem myndi felast í ráðgjöf, fjármögnun og sameiginlegum innkaupum.

Rætt var um að horfa til og „...athuga með nýtingu á vind- og sólarorku í meira mæli“. Þar mætti safna yfir sumartímann og geyma síðan, var sagt.

Fram kom áhugi á að fjölga heimavirkjunum til rafmagnsframleiðslu, bæði til eigin nota eða til að selja inn á kerfið. Þá var velt upp spurningu um metanframleiðslu á lögbýlum og sagt: „Kemur metan frá búfé sem ætti að vera hægt að nýta á vélar og tæki eða selja áfram“. Bent var á að þetta yrði tilraun og til að bændur gætu lagt í verkefnið, þyrfti þekkingu, fræðslu og stuðning.

Einnig var rætt um innviði vegna aukins fjölda rafmagnsbíla og kallað eftir betri þjónustu og fleiri hleðslustöðvum. Stungið var upp á að umbuna þeim sem vilja koma upp hleðslustöð í dreifbýli, með lægri raforkukostnaði. Þá kom upp hugmynd um ívilnun sem fælist í niðurgreiddri orku í hleðslustöðvum við heimahús. Loks var bent á þörf fyrir hleðslustöðvar fyrir minni flutningabíla innan landshluta og að tækifæri væri til að koma þeim fyrir við spennistöðvar.

„Athuga með nýtingu á vind- og sólarorku í meira mæli“



6.2. Betri nýting

Í umræðunum kom fram áhugi á að bæta nýtingu á auðlindum, afurðum og tækjum, í anda hringrásarhagkerfisins.¹¹

Mikilvægt sé að verðsetja og bera virðingu fyrir allri skepnunni, nýta húð og nýta bæði kjöt og innmat.

Stungið var upp á ýmsum leiðum til að stuðla að bættri nýtingu, svo sem:

- Senda erindi á bændur og fá þá til að koma vannýttu hráefni inn í hringrásarhagkerfið
- Auka samstarf og upplýsingaflæði um betri nýtingu
- Búa til samfélagsmiðlahóp um notaða hluti og verkfæri hjá bændum og fyrirtækjum á Austurlandi, til að átta sig á hvað fellur til og búa til farveg fyrir betri nýtingu
- Standa fyrir „samfélagsverkstæði“:
 - Þar sem fólk kemur saman, hefur gaman, endurnýtir og gerir við
 - Byrja á að nota grunnskólana á kvöldin/seinnipart?
 - Halda við gömlu handverki og hefðum
 - Höfða til ungra og aldinna og stuðla þannig að auknum tengslum milli kynslóða

Bent var á að á Austurlandi vanti gróðurhús auk þess sem fram kom uppástunga um að nýta seyru til áburðar.

Loks var vísað til verkefnisins „Eygló“, sem er samstarfsverkefni um eflingu hringrásarhagkerfis, orkuskipta og nýsköpunar á Austurlandi. Verkefnið er vistað hjá Austurbrú.¹²

„Búa til samfélagsmiðlahóp um notaða hluti og verkfæri“



¹¹ <https://austurbru.is/arsrit/arsrit-2022/byggdathroun-og-atvinna/hringrasarhagkerfid/>

¹² <https://austurbru.is/eyglo/>

7. Fleiri atvinnutækifæri í sveitum

Þó landbúnaður hafi verið þungamiðja í umræðum á fundinum, var líka horft til fleiri atvinnutækifæra. Einn hópur ræddi um ferðapjónustu og landbúnað og annar um störf án staðsetningar.

Rætt var um atvinnutækifæri í tengslum við veiði, sérstaklega hreindýraveiði, en einnig veiði á rjúpu og gæs. Þar mætti aðstoða við nýtingu afurða, vinnslu og markaðssetningu, m.a. með námskeiðum, sögðu þátttakendur.

7.1. Ferðapjónusta og landbúnaður

Einn hópur ræddi um tengsl ferðapjónustu og landbúnaðar, um stefnumörkun, viðfangsefni og tækifæri. Leggja þarf áherslu á gæði, frekar en magn, var sagt. Standa vörð um upplifun gesta, frekar en að stefna að því að fá sem allra flesta. „Austurland má verða uppselt!“, eins og það var orðað.

Góðar samgöngur og uppbygging innviða eru lykilatriði í dreifingu ferðafólks um fjórðunginn, að mati þátttakenda. Upplýsingar til ferðamanna þurfa að vera góðar, aðgengilegar og áreiðanlegar. Þar var rætt um merkingar og skilti og að setja saman „leiðarvísi“ fyrir fólk á ferð um Austurland, sem gæti m.a. snúist um hvaða hegðun er æskileg á svæðinu. Þetta mætti t.d. gera með því að fólk fengi sms skilaboð þegar komið er inn á svæðið og/eða setja upp skilti með QR kóða sem vísaði á leiðarvísinn á netinu.

Í umræðu um náttúru og náttúruvernd, var m.a. rætt um samspil náttúru og ferðapjónustu. Fram kom að tryggja þurfi gott aðgengi að áfangastöðum, helst fyrir alla, þar sem það er hægt. Aukin aðsókn ferðamanna kalli á meiri innviði, svo sem stíga, góðar merkingar og salerni. Jafnframt þurfi að huga að öryggi. Upplýsingar eru leið til að stýra umferð á staði, þar sem innviðir eru til staðar, sögðu þátttakendur.

Fram kom hugmynd um að setja upp myndavélastaura á völdum stöðum, til skrásetningar og sjálfsmynda og vísa fólki á svæði þar sem má stoppa. Einnig að setja upp vegpósta (vörður) með upplýsingum um örnefni og gönguleiðir.

Meðal þess sem rætt var um varðandi gæði í ferðapjónustu, var svokallað „Glamping“, þar sem seld væri hágæða gisting í tjöldum á fallegum stöðum.¹³

Þá sáu þátttakendur tækifæri í „upplifunarferðapjónustu“, þar sem fólk fengi að koma í sveitirnar og vera viðstatt og taka þátt, til dæmis í sauðburði og öðru því sem tengist búskapnum.

Rætt var um þann möguleika að leggja komugjöld á ferðamenn við komu til landsins og hvernig slíkt fjármagn gæti nýst.

Mörg lýstu áhuga á að auka samstarf í ferðapjónustu í dreifbýli Austurlands, til dæmis: „...varðandi regluverk og leyfi, en líka almennt.“ Þannig væri hægt að nýta sóknarfæri betur enda dragi meira framboð fleiri ferðamenn inn á svæðið.

Loks var stungið upp á því að mörkuð verði stefna í málaflokknum og spurt: „Hvernig ferðapjónustu viljum við?“.

¹³ <https://www.glamping.com/>

7.2. Störf án staðsetningar

Íbúar í dreifbýli Austurlands sjá tækifæri í því að laða að fólk sem vinnur störf án staðsetningar. Þar voru t.d. nefnd störf tengd menntun og þjónustu. Ekki þurfi að einblína á „varanleg“ störf, heldur felist líka verðmæti í því að fólk sem sinnir tímabundnum störfum eða verkefnum í fjarvinnu, kjósi að búa fyrir austan. Það býður fólki upp á aukið frelsi og minna áreiti, var sagt.

Ýmsar hugmyndir komu upp um leiðir til að laða að fleiri sem koma með vinnuna með sér:

- Krefja fleiri atvinnurekendur til að leyfa fjarvinnu
- Húsnæði – í sveit, í þéttbýli, fjölbreytt, gámar
- Hvetja ferðaþjónustu- og önnur fyrirtæki til að leigja út rými/húsnæði á veturna
- Rými á Austurlandi sem geta hýst óstaðbundin störf
- Suðupottur í dreifbýli (klasar). Staður fyrir störf án staðsetningar, námsver o.fl. á hentugum stöðum
- Námsver – fjarnám en geta hist og verið fleiri saman
- Textílrými/listamannarými

Bent var á að ákveðnir innviðir þurfi að vera til staðar, svo sem rafmagn, netsamband, símasamband, vegir/samgöngur og almenningssamgöngur. Einnig voru nefnd bifvélaverkstæði og bakarí og að það þurfi að „passa upp á að verslun hverfi ekki“.

Stungið var upp á að kortleggja hvaða þjónusta er til staðar á Austurlandi fyrir störf án staðsetningar og fara í markaðssetningu í framhaldi af því. Það ætti að „auglýsa út á við til að fá fleiri annars staðar frá“. Þetta væri liður í því að laða fleiri að til búsetu á Austurlandi og helst sem flest.

„Kortleggja hvaða þjónusta er til staðar fyrir störf án staðsetningar“



8. Austfirskar auðlindir

Hér verður fjallað um tvær auðlindir sem eru einkennandi fyrir Austurland og tengjast atvinnusköpun og búsetu í dreifbýli; skóg og hreindýr.

8.1. Skógur og landbætur

Rætt var sérstaklega um skóginn, eina af þeim auðlindum sem einkenna Austurland. Stungið var upp á fjölmörgum leiðum til að nýta skógarafurðir, t.d. köngla, nálar, safann, gera skjólveggi og búa til krydd. Leggja ætti áherslu á að skógurinn geti verið sjálfbær og endurlífandi og gæta þess að taka passlega mikið, þ.e. skilja eftir 30% af plöntu.

Fram kom hugmynd um að koma upp sérstöku svæði þar sem hægt væri að útfæra og vinna að hugmyndum vegna nýtingar skóga. En það heyrðust líka varnaðarorð varðandi skógrækt og sagt að það ætti að „minnka plöntun á trjám“.

Bent var á að landbætur gætu skapað atvinnutækifæri. Einnig var rætt um „...hvatningu til að bæta lokuð vistkerfi“.¹⁴

8.2. Hreindýraveiðar

Nokkur umræða varð um hreindýraveiðar, en hreindýrin eru óumdeilanlega ein af dýrmætum auðlindum Austurlands. Fyrst skal nefna að kallað var eftir því að heimamenn komi meira að stýringu í málaflöknum og meðal annars sagt að hlusta eigi á landeigendur þegar teknar eru ákvarðanir um „...hvaða svæði færast á milli“. Varpað var fram hugmynd um að hluti veiðileyfa yrði boðinn upp.

Bent var á að dýrum fari fækkandi og þau séu í minni þyngd. Í þessu sambandi var stungið upp á að bjóða umbun fyrir að skjóta tarfa í júlí, en það vill bera við að þau sem fá úthlutað leyfi til að skjóta tarf, bíði þar til líður á veiðitímabilið, þegar tarfarnir eru þyngri. Varpað var upp þeirri spurningu hvort verið sé að skjóta of mörg dýr, sem síðan geti leitt til þess að genamengið minnki og yngri dýr verði eftir.

Þátttakendur lögðu áherslu á að eftirlit þurfi að vera gott, til að tryggja að verið sé að fara eftir reglum og einnig nefnt að þörf sé á endurnýjun í hópi leiðsögumanna við hreindýraveiðar.

Bent var á að vegna þeirra reglna sem gilda um veiðarnar, sé hreindýrakjöt ekki til á Austurlandi. Vel mætti stuðla að meiri fullnýtingu á hreindýrakjöti í samstarfi við „sláturhúsin“, sögðu þátttakendur.



¹⁴ <https://themoney.co/is/peuvent-ils-sauver-lavenir/>

9. Lífið í sveitinni

Hér verður sjónum beint að mannlífinu í sveitinni, ekki síst börnunum. Ef á að verða nýliðun í sveitum og ungt fólk að flytjast þangað búferlum, kallar það á ákveðnar aðstæður fyrir börn, sem ekki eru óaðgengilegar eða flóknar.

Byggt er á skilaboðum hópa sem ræddu um börn og þjónustu við þau, jöfn tækifæri fyrir alla, þjónustulega og félagslíf í dreifbýlinu.

9.1. Börnin

Aðstæður barna í sveitum Austurlands voru mörgum ofarlega í huga. Það á ekki síst við í verkefninu Vatnaskil, þar sem sérstaklega er beint sjónum að ungu fólki.

Varðandi skólamál, voru skilaboðin einföld og skýr: „Standa vörð um sveitaskóla“ og sérstaða fámennra skóla var talin kostur. Kallað var eftir því að grunn- og leikskóli verði starfræktir áfram í Brúarási. Einnig var sagt að öll börn, hvort sem þau búa í dreifbýli eða þéttbýli Austurlands, ættu að hafa jöfn tækifæri um skólaval og að leggja ætti niður hverfaskiptingu skóla.

Tómstundastarf barna og unglinga skiptir ungar fjölskyldur í sveitunum miklu máli. Þar bar þetta meðal annars á góma:

- Akstursstyrkir/skipulagður akstur til tómstunda og íþróttaiðkunar
- Almenningsamgöngur – um allar sveitir Héraðs!
- Aðgangur vina „sveitabarna“ að skólabílum
- Skipulag íþrótt- og tómstundastarfs hugsað út frá dreifbýli og út frá skólatíma allra skóla
- Færanleg félagsmiðstöð (Nýung); Brúarás, Hjaltalundur, Tungubúð, lðavellir

9.2. Fullorðna fólkið

Stungið var upp á umræðuefninu: „Mikilvægi félagslífs í sveitum“. Eins og fram hefur komið þurfti oft að slá saman nokkrum málefnum, þannig að ekki gafst tími til að ræða öll mál í þaula. Þannig var t.d. fjórum málefnum slegið saman: „Búseta, nýliðun, húsnæði, félagslíf“. Það skýrir væntanlega að það var ekki margt sem rataði á blað varðandi félagslíf, þó mikilvægt sé, að mati þátttakenda.

Stungið var upp á því að skipa skemmtinefnd, eða viðburðanefnd, en kom ekki fram hvort hún ætti að vinna fyrir allt Austurland, eða svæðisbundið. Einnig var lögð áhersla á að virkja það félagastarf bænda sem þegar er til staðar, ekki síst Félag ungra bænda á Austurlandi sem og kvenfélögin.



10. Stuðningur við þróun og nýsköpun

Tilgangur fundarins var að ræða um möguleika til framtíðar og því var mikið fjallað um leiðir til að styrkja stöðu byggðar í dreifbýli og stuðla að kynslóðaskiptum.

Fram komu ýmsar hugmyndir um nýsköpun, stuðning og umhverfi sem getur hlúð að frumkvöðlum. Horft var á upphaf nýsköpunarverkefna en einnig lögð áhersla á úthald.

Hér er sagt frá afrakstri tveggja hópa. Annar ræddi um tvö málefni; samstarf og eitt Austurland og hinn um úthald og fjármögnun í nýsköpun. Einnig eru sóttir punktar til annarra hópa eftir því sem við á.

10.1. Samstarf og eitt Austurland

Hópur sem ræddi um samstarf og „eitt Austurland“, var á þeirri skoðun að samstarf væri af hinu góða og ein af forsendum þess að sækja fram og nýta sóknarfæri. Sérstaklega var stungið upp á samtali og samstarfi um atvinnuþróun og nýsköpun. Þar var vísað til samstarfs á milli búgreina, svæða og bæja og einnig hvatt til samnýtingar af ýmsu tagi. Með auknu samstarfi yrði til vettvangur fyrir nýtt fólk til að kynnast.

Spurt var: „Hvað kemur í veg fyrir samstarf?“. Helst töldu þátttakendur að það gæti verið hræðsla við samkeppni, „ótti við að verið sé að taka eitthvað frá þér“.

Þegar horft er á Austurland sem eina heild, skipta samgöngurnar öllu máli, eins og kom skýrt fram í forgangsöröðun fundargesta varðandi innviði. En einnig var stungið upp á því að nýta rafrænar leiðir til samstarfs.

Lögð var áhersla á markaðssetningu og upplýsingaflæði á milli „svæða“. Stungið var upp á að „finna samnefnara á milli svæða til að auka samheldni“ og fólk hvatt til þess að sækja viðburði á Austurlandi.

Nokkuð var kallað eftir „samvinnurýmum“ í dreifbýli, þar sem væri staður fyrir störf án staðsetningar, námsver og fleira, á hentugum stöðum. Einnig mætti e.t.v. stofna klasa á ákveðnum sviðum. Á slíkum stöðum gætu orðið til spennandi „suðupottar“, var sagt.



10.2. Úthald og fjármögnun í nýsköpun

Í umræðu um nýsköpun, úthald og fjármögnun var komið víða við. Bent var á að „bændur eru bestu skuldararnir“. Úthald skiptir öllu máli í nýsköpun, var sagt og að forsenda þess sé að hafa þolinmótt fjármagn (umbun!) og helst ódýrt fjármagn. Fram kom óánægja með lánaðar Bygðastofnunar og sagt að þau væru jafnvel lakari en hjá almennum bönkum og ytra umhverfi stofnunarinnar erfitt og ósveigjanlegt. Einnig var rætt um uppgreiðslugjöld. Þá var sagt: „Óhætt að afskrifa svo uppbygging verði ekki ónýt“.

Styrkjarmöguleikar þurfa að vera fjölbreyttir, að mati þátttakenda. Fram kom að styrkjum sé frekar úthlutað á svæði „...sem standast ekki ákveðin skilyrði gagnvart innviðum (köld svæði, fjarlægðir,...)“ og m.a. vísað til Matvælasjóðs og Rannís.

Styðja þarf við frumkvöðla og nýsköpun, t.d. með því að veita leiðsögn.

Stungið var upp á nokkrum leiðum, sem geti skapað bakland og samstöðu þeirra sem fást við nýsköpun:

- Búa til samstarfsvettvang og samstarf þeirra sem eru í nýsköpun og uppbyggingu
- Standa fyrir „jafningjafræðslu“ frá þeim sem hafa komist yfir þröskuldinn
- Taka saman möguleika á ívilnunum, styrkjum og niðurgreiðslum sem fólk á rétt á
- Leiða saman fjárfesta og verkefni
- Búa til bakland

Það „kostar peninga að halda landinu í byggð“, var sagt og spurt hvaðan þeir fjármunir komi. Bent var á að það kosti nefnilega líka peninga að landið fari úr byggð og þá glattist tækifæri, t.d. gagnvart ferðaþjónustu.



11. Framtíðin – hugleiðingar

Verkefnið Vatnaskil snýst um að búa sig undir framtíðina með það að markmiði að í sveitum á Austurlandi verði blómlegt mannlíf og atvinnulíf. Hvernig gæti sú framtíð litið út?

Í dag sækja margir íbúar í sveitum, vinnu annað. Í næsta þéttbýli, eða innan sveitar t.d. í ferðaþjónustu eða grunn- og leikskóla, þar sem þeir eru til staðar. Þetta mun ekki endilega breytast, en þau sem tóku þátt í fundinum á Eiðum eiga sér framtíðarsýn um fleiri atvinnutækifæri í sveitunum, meðal annars með fullvinnslu afurða sem skapi vinnu og aukin verðmæti.

Einnig var horft til starfa án staðsetningar og viðraðir draumar um „samvinnukjarna“ í dreifbýlinu, þar sem gætu orðið suðupottar fyrir samstarf og nýsköpun. Þá eru á einhverjum svæðum á Austurlandi uppi hugmyndir um að búa til litla byggðakjarna í sveitum.

Fram kom að horfa ætti ekki eingöngu á þau sem vilja setjast að í sveitinni til lengri tíma, heldur myndu íbúar sem dveldu til skemmri tíma, líka auðga lífið og byggðina. Í ljósi þess að íbúum af erlendum uppruna fer fjölgandi hér á landi, má vera að „skammtímaíbúar“ væru af fjölbreyttum þjóðernum. Til fróðleiks er bent á verkefni Austurbrúar frá 2018, um innflytjendur á Austurlandi.¹⁵

Líf í sveit hefur upp á svo marga kosti að bjóða og þau sem þangað flytja velja þá kosti. En um leið er ýmsu fórnað og í sveitinni getur aldrei orðið fyllilega sambærileg þjónusta og í þéttbýlinu. Á þetta reynir einna helst varðandi þjónustu við börn og unglinga. Það er spurning hvar þessi lína liggur og svarið við henni er að hluta til í höndum ríkisstjórnar, sem markar stefnu með lögum. Ef til vill er þessi spurning eitt af viðfangsefnunum til að undirbúa framtíðina.

Sjálfbærni, orkuskipti og ábyrg nýting auðlinda eru verkefni framtíðar og þar vilja íbúar í sveitum Austurlands gera vel. Að nýta styrkleika sveitanna til að sækja fram á þessum sviðum, en sitja ekki með hendur í skauti. Oft hafa bændur verið kallaðir „vörslumenn landsins“ og það á enn við.



¹⁵ <https://austurbru.is/wp-content/uploads/2020/10/Innflytjendur-%C3%A1-Austurlandi-lokask%C3%BDrsla.pdf>

Til að næsta kynslóð taki við búsetu í sveitum, þurfa aðstæður að bjóða upp á það. Verð á jörðum er hátt, sem getur gert ungu fólki ómögulegt að setjast að í sveit. Einnig vantar upp á ákveðna grunn innviði, svo sem síma- og netsamband, þriggja fasa rafmagn og samgöngur, auk þjónustu vegna skólagöngu og tómstunda barna. Ungt fólk hefur áhuga, hann vantar ekki. En aðstæður í sveitum hafa ekki þróast í takt við tímann. Þarna er „markhópur“ sem vill valkost og valkostinn þarf að þróa og undirbúa fyrir framtíðina.

Hugtakið „menningarleg mishröðun“ gæti átt hér við, því segja má að efnislegir þættir og hugarfar hafi ekki þróast í takt.

En hvað var ekki rætt um á fundinum, sem gæti þó skipt máli fyrir framtíð sveitanna? Þar má nefna hugmyndir um nýjar búgreinar, t.d. kornrækt. Engu að síður kann að vera áhugi á henni eða annarri nýsköpun, það vildi bara þannig til að þau sem komu á fundinn eru að hugsa um aðra möguleika. Vert er að hafa þetta í huga við framhald verkefnisins.

Kallað var eftir stefnumörkun í ferðaþjónustu, en það leiðir hugann að stefnumörkun sem þegar er til staðar fyrir Austurland og væri vert að skoða og kynna í gegnum verkefnið. Hér má nefna aðalskipulög sveitarfélaganna og Svæðisskipulag Austurlands 2022 – 2044¹⁶, sem m.a. byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem er ætlað að stuðla að farsælli framtíð. Hvað segir þessi stefnumörkun og önnur, um sýn Austfirðinga á framtíðina?

Að lokum er starfsfólki Austurbrúar og öllum sem þátt tóku í fundinum þakkað fyrir ánægjulegt samstarf og þeim sem finna hjarta sitt slá í sveitinni óskað alls hins besta fyrir verkefnið Vatnaskil.



¹⁶ https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/04/Svaedisskipulag_07sept2022_.pdf